

# Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnu-málamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomu-lagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Þessi skýrsla er níunda skýrsla nefndarinnar og markmið hennar eins og fyrri skýrslna að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Sérfræðingar nefndarinnar eru Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Henný Hinz. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa. Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti.

Að þessu sinni skiptist skýrslan í fimm meginkafla sem fjalla um efnahagsmál, vinnumarkað, laun og launaþróun sem flokkað er eftir mörkuðum og heildarsamtökum launafólks, kjarasamninga gerða í yfirstandandi samningalotu, auk sérstakrar umfjöllunar um heildarsamtök launafólks eftir mörkuðum. Í skýrslunni er áhersla lögð á yfirstandandi kjarasamningslotu og miðað við að hún hafi hafist í febrúar 2024. Ítarlegt talnaefni um laun og launaþróun má finna í gagnasafni á vef kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>. Kjaratölfræðinefnd vinnur með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað gott samstarf við undirbúning skýrslunnar. Enn fremur er Gísli Má Gíslasyni Hagstofu Íslands þökk-uð aðkoma að gerð skýrslu í fjarveru Hildar Ernu Sigurðardóttur.